

## **B.8 Skilmálar fyrir stórnottendur sem fá orku afhenta beint frá virkjunum**

### **0. Breytingar frá fyrri útgáfu**

Hér er um frumútgáfu að ræða.

### **1. Innangur**

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum.
- 1.2 Skilmálar þessir eru staðfestir af ráðherra sbr. 6. mgr. 9. gr. raforkulaga.

### **2. Skilgreiningar**

- 2.1 *Afhendingarstaður* er sá staður í flutningskerfi þar sem úttekt raforku fer fram.
- 2.2 *Flutningskerfi* er raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnottenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnottenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.
- 2.3 *Notandi* er sá sem kaupir raforku til eigin nota.
- 2.4 *Stórnottandi* er notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári. Nýir notendur hafa þriggja ára aðlögunartíma til að ná fram skilyrðum um 80GWst á ári og miðast upphaf þess tíma við fyrstu afhendingu raforku, að undanskildum uppkeyrslutíma. Notandi sem er í framleiðslu sinni háður því að fá aðrar afurðir jarðhitavirkjunar en aðeins raforku getur óskað heimildar Orkustofnunar til beinnar tengingar við virkjunina, líkt og stórnottandi með 80 GWst á ári, enda þótt hann nái ekki stórnottendaviðmiðum og gjaldið fyrir þessa úttekt er það sama og fyrir stórnottanda sbr. 6. mgr. 12. gr. a raforkulaga.
- 2.5 *Virkjun* er mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.

### **3. Almennt**

- 3.1 Skilmálar þessir gilda fyrir stórnottendur sem fá orku afhenta beint frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans, sbr. 5. mgr. 12. gr.a raforkulaga. Skilmálarnir gilda fyrir stórnottendur, hvort sem þeir eru alfarið háðir viðkomandi virkjun um orku eður ei.
- 3.2 Að öðru leyti og eftir því sem við á gilda skilmálar Landsnets sem gilda um stórnottendur.
- 3.3 Ef fleiri en einn notandi eða stórnottandi fær rafmagn afhent beint frá virkjun og enn einn stórnottandi óskar eftir að fá tengingu við virkjunina og flutning rafmagns skv. skilmálum þessum, þá kemur það aðeins til greina ef uppsett afl virkjunarinnar er meira en samanlöögð aflþörf allra þeirra notenda og/eða stórnottenda sem þegar voru tengdir virkjuninni beint auk nýja stórnottandans.
- 3.4 Ekki er mögulegt fyrir stórnottanda, sem tengdur er virkjun beint, að auka rafmagnskaup sín umfram það sem uppsett afl virkjunarinnar bíður upp á. Ef staðað stórnottandans fer yfir uppsett afl virkjunarinnar skal hann tengjast flutningskerfinu beint sbr. skilmála B4.
- 3.5 Þeir stórnottendur, sem fá orku afhenta beint frá virkjun, skulu gera samning við Landsnet, þar sem þeir gangast undir viðeigandi skilmála Landsnets.

- 3.6 Komi til þess að stórnotandi uppfylli ekki skilyrði raforkulaga um notkun og nýtingartíma á einum stað þá ber honum að flytja viðskipti sín innan eins mánaðar til viðkomandi dreifiveitu vegna afhendingar rafmagnsins. Skulu þá Landsnet og viðkomandi dreifiveita koma sér saman um yfirlit notandans til dreifiveitunnar og uppgjör því tengt.

#### **4. Tenging stórnotanda**

- 4.1 Afhendingarstaður Landsnets fyrir úttekt stórnotanda, sem tengist virkjun beint, er við útgangandi rofareit í tengivirki Landsnets, þ.e.a.s. sami afhendingarstaður og fyrir viðkomandi virkjun.
- 4.2 Landsnet tekur ekki þátt í kostnaði við tengingu stórnotandans við virkjun, þ.e.a.s. hvorki fjárfestingarkostnaði né rekstrarkostnaði.
- 4.3 Stórnotandi skal sjá til þess að til reiðu sé og bera ábyrgð á rofabúnaði ásamt viðkomandi straum- og spennuspennum, mælibúnaði og liðaverndarbúnaði, sem notaður er við inntak til viðkomandi stórnotanda.
- 4.4 Verði rekstrartruflun eða viðhalsaðgerð í virkjun getur Landsnet aðeins ábyrgst afhendingu til stórnotandans í þeim mæli sem flutningstakmarkanir leyfa og takmarkanir á flutningi raforku í gegnum raforkukerfi virkjunarinnar leyfa.

#### **5. Mælingar**

- 5.1 Rafmagn sem liggur til grundvallar gjaldtöku Landsnets skal mælt á þeim stað sem tilgreindur er í samningi milli Landsnets og stórnotanda.
- 5.2 Stórnotandi skal tryggja að spennu- og straumspennar fyrir þá mælingu sem tilgreind er í gr. 5.1 séu upsettir og haldið við. Straumspennar skulu hafa a.m.k. tvö aðskilin vöf fyrir mælingar.
- 5.3 Landsnet skal setja upp og halda við mælabúnaði til að mæla raforkunotkun stórnotanda með klukkstundargildum. Hver eining í mælierfinu skal hafa nákvæmni upp á 0.2%. Bæði mælar og mælaspennar skulu samþykktir af Landsneti og stórnotanda. Stórnotandi skal sjá til þess að Landsnet fái nægilegt pláss fyrir mælitæki og tryggja að settar séu upp viðeigandi tengingar, Landsneti að kostnaðarlausu.
- 5.4 Mælaaflestur Landsnets er framkvæmdur af Landsneti í gegnum fjarskiptakerfi. Mæligildi aðalmælis eru notuð fyrir gerð reikninga. Bæði Landsnet og stórnotandi hafa ótakmarkaðan aðgang að þessum mæligildum. Ákvæði skilmála Landsnets gilda í þeim tilvikum er upp koma frávik milli mæla.
- 5.5 Að öðru leyti gilda almennir skilmálar Landsnets hvað varðar mælingar, og reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuvíðskipti og mælingar með síðari breytingum.

#### **6. Gæði rafmagns**

- 6.1 Í afhendingarstað fer Landsnet eftir reglum um gæði rafmagns skv. almennum skilmálum A.1 um flutning rafmagns og kerfisstjórnun og öðrum reglum sem um það gilda.

#### **7. Kerfisþjónusta**

- 7.1 Landsnet veitir kerfisþjónustu sbr. skilmála C.2 um kerfisþjónustu Landsnets hf. svo framarlega sem flutningur á raforku í gegnum raforkukerfi viðkomandi virkjunar leyfir.

#### **8. Gjaldskrá**

- 8.1 Stórnotendur þessir greiða fyrir úttekt, kerfisþjónustu og flutningstop samkvæmt gildandi gjaldskrá Landsnets.

## **9. Ábyrgð**

- 9.1 Þar sem búnaður vinnslufyrirtækisins er á milli flutningskerfisins og úttektarstað stórnottanda frá virkjun þá takmarkast ábyrgð Landsnets í öllum tilvikum við afhendingarstað virkjunarinnar. Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum gilda ákvæði skilmála B.4 varðandi ábyrgð stórnottanda.
- 9.2 Tenging stórnottanda við virkjun, kostnaður við tengingu og viðhald er alfarið á ábyrgð stórnottandans eða þess aðila sem yfirtekur þessa ábyrgð frá stórnottanda.
- 9.3 Tenging stórnottanda við skilgreindan afhendingarstað Landsnets, kostnaður við tengingu og viðhald er alfarið á ábyrgð stórnottandans eða þess aðila sem yfirtekur þessa ábyrgð frá stórnottanda.
- 9.4 Viðkomandi rofareitur vegna stórnottanda, tilheyrandi straumpennar, spennuspennar, liðaverndarbúnður og mælibúnaður er á ábyrgð viðkomandi stórnottanda eða þess aðila sem yfirtekur þessa ábyrgð frá stórnottanda.

## **10. Óviðráðanleg atvik**

- 10.1 Ákvæði skilmála B.4 varðandi óviðráðanleg atvik skulu einnig gilda um skilmála þessa.

## **11. Brot á skilmálum**

- 11.1 Vanræki stórnottandi skyldur sínar skv. skilmálum þessum er Landsneti heimilt að segja upp viðkomandi samningi um flutning raforku eða fara þess á leit að Orkustofnun aðhafist á grundvelli raforkulaga.

## **12. Eftirlit og úrræði**

- 12.1 Ákvæði skilmála B.4 varðandi eftirlit og úrræði skulu einnig gilda um þessa skilmála.

## **13. Tilvísanir**

- 13.1 Skilmálar A.1 um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.
- 13.2 Skilmálar B.4 um afhendingu rafmagns til stórnottanda.
- 13.3 Skilmálar C.2 um kerfisþjónustu Landsnets hf.